

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2014

Inngangur

Uppbygging skólastarfs í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hélt áfram á árinu 2014 og sem fyrr var megináherslan á að styðja við og koma hugmyndafræði skólans og stefnu í framkvæmd. Skólinn flutti í nýtt húsnæði í janúar 2014 og við það gjörbreyttust allar aðstæður nemenda til náms og vinnuaðstaða starfsmanna. Húsið er hannað í samræmi við hugmyndafræði skólans um kennsluhætti, en kjarninn þar er að skapa námssamfélag kennara og nemenda þar sem samtalið og flæði milli rýma er mikilvægast. Það kom fljótt í ljós þegar farið var að nota kennslurýmmin að markmið hönnunarinnar stóðu undir væntingum og almenn ánægja með aðstöðuna er meðal nemenda og starfsmanna.

Nemendur

Á vorönn 2014 voru nemendur um 270 og á haustönn 2014 voru þeir um 380. Meirihluti nemenda skólans eru úr Mosfellsbæ og nágrennanabyggðum (Grafarvogur, Grafarholt, Kjalarnes, Akranes), eða um 80%. Kynjahlutfall hefur verið í nokkuð góðu jafnvægi. Frá 2012-2013 fjölgaði eldri nemendum mikið og var hlutfallið þannig að um 70% nemenda var eldri en 18 ára. Nú hefur þetta breyst því yngri nemendum fjölgaði töluvert á haustönn 2014. Skiptingin nú er þannig að nemendur yngri en 18 ára eru um rúmlega 50% nemendahópsins.

Heiti brautar	Vorönn 2014	Haustönn 2014
Almenn námsbraut	57	74
Félags- og hugvísindabraut	128	123
Hestabraut		18
Listabraut	28	38
Íþrótt- og lýðheilsabraut	8	19
Náttúruvísindabraut	40	62
Opin stúdentsbraut		35
Sérnámsbraut 1	10	11

Kyn	Vorönn 2014	Haustönn 2014
KK	150	197
KVK	121	183

Árgangur	Vorönn 2014	Haustönn 2014
1957-1987	20	5
1988	7	4
1989	8	4
1990	13	9
1991	24	15
1992	17	16
1993	33	31
1994	37	44
1995	35	53
1996	38	56
1997	39	50
1998		93

Nemendur skólans glíma margir við námsörðugleika og hafa töluvert brotinn námsferil að baki. Töluvert hærra hlutfall nemenda í FMOS er í vandræðum með lestur og kljást við athyglisbrest og einbeitingarskort, en þekkest í öðrum framhaldsskólum. Þetta hefur verið staðfest í skýrslum frá Rannsóknum og greiningu undanfarin ár, núna síðast í tveimur skýrslum frá 2014, „Betri líðan í mínum skóla“ „Vímuefnanotkun framhaldsskólanem“. Samsetning nemendahópsins er mikil áskorun í kennslunni, en verkefnaíðaðar kennsluáðferðir skólans styðja ágætlega við marga þessa nemendur og auðvelda þeim að ná góðum tókum á náminu. Kennsluhættir skólans virðast henta vel breiðum hópi nemenda, en til viðbótar var ákveðið að veita þeim nemendum sem verst eru staddir sérstakan stuðning þar sem þeir eru aðstoðaðir við verkefnavinnu og skipulag. Samt er augljóst að margir nemendur skólans þurfa umfangsmeiri stuðning og einstaklingsbundna athygli til að eiga möguleika á að skólaganga þeirra verði farsæl og að þeir geti lokið námi.

Brotthvarf nemenda er ennþá töluvert, a.m.k. ef það er reiknað út frá einingafjölda. Við sjáum breytingar í þá átt að nemendur hætta ekki endilega í skólanum, en ljúka færri einingum. Sem dæmi má nefna að á haustönn 2014 var einingabrotthvarfið um 26%, en einstaklingum í skólanum hafði fækkað um 14%.

Mikil vinna hefur verið lögð í að greina brotthvarfið og finna leiðir til að sporna við því. Leiðirnar sem farnar hafa verið eru m.a. sérstakur stuðningur inn í kennslustundum, utanumhald námsráðgjafa fyrir nemendur sem komnir eru í áminningarferli og erkjumsjónarverkefni sem fékk styrk úr Sprotasjóði, en sú hugmynd gengur út á að byggja upp trúnaðarsamband milli umsjónarkennara og nemenda og að þeir fái aðstoð og stuðning á einstaklingsgrunni. Þrír kennarar vinna að þessu verkefni.

Nám

Boðið er upp á nám á 8 námsbrautum í skólanum, þ.e. nám á almennri braut, listabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut, hestabraut, félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut, opinni stúdentsbraut og sérnámsbraut. Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt. Tvær nýjar brautir voru settar af stað á árinu, opin stúdentsbraut og hestabraut. Opin stúdentsbraut gefur nemendum tækifæri til að hanna stúdentspróf að eigin vali eða nýta styttri brautir skólans sem kjörsvið. Hin nýja brautin er hestabraut sem er stutt starfsnámsbraut þar sem nemendur ljúka námi á 2. þrepi sem hestasveinar. Í framhaldi af hestabraut geta nemendur lokið stúdentsprófi af hestakjörsviði, en það er eitt af kjörsviðum opinnar stúdentsbrautar.

Þróunarstarfið í FMOS skiptist í tvo meginhluta, þróun kennsluhátta annars vegar og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla hins vegar. Áherslupunktarnir í þróun kennsluhátta snúast um verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem fléttast saman við kennsluaðferðirnar. Nýr áherslupunktur í þróunarvinnunni bættist við á seinni hluta ársins vegna flutnings í nýtt húsnæði og nýtingar kennslurýma í samhengi við það.

Þróunarvinnan sem tengist innleiðingu nýrra laga felst einkum í uppbyggingu og útfærslu námsbrauta og áfangalýsinga, auk þess hafa áfangalýsingar verið endurskoðaðar og áfangarnir tímamældir reglulega með tilliti til samhengis eininga og vinnu nemenda.

Kennsla og stjórnun

Í stjórnun skólans er lögð áhersla á að stefnu skólans sé fylgt og að starfið sé vel skipulagt.

Einnig er áhersla á að beita lýðræðislegum starfsaðferðum við stjórnun þar sem haft er að leiðarljósi að finna jafnvægi milli jafningjasamstarfs og leiðbeinandi leiðtogahtutverks. Tveir stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu. Þrír sviðsstjórar voru ráðnir í byrjun árs úr hópi kennara til að aðstoða við stjórnun. Kennarar á haustönn voru 28 í 26 stöðugildum og aðrir starfsmenn 10 í 8 stöðugildum.

Heildarstarfsmannafjöldi var því 40, en hafði verið 34 á vorönn 2014. Meirihluti starfsmanna er með starfsaldur sem er minni en 5 ár, en 9 starfsmenn eru með meira en 5 ára starfsaldur. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf (20).

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta.

Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Áhersla er síðan lögð á að leiðsagnarmatið leiði nemendur áfram og hjálpi þeim að bæta árangur sinn. Skipulag kennslunnar og kennsluhættir hafa reynst í öllum meginatriðum vel. Nánari útfærsla og þróun á aðferðunum eru stöðugt til umræðu á vikulegum fundum starfsmanna og ákvarðanir teknar jafnóðum um breytingar. Á þessu fyrsta ári í nýju skólahúsnæði fór mestur tíminn í að þróa kennsluhættina áfram þar sem áherslan er á að nýta kennslurýmið til fulls og koma hugmyndafræði kennslunnar til framkvæmda, enda eru kennslurýmið hönnuð utan um hugmyndafræðina. Kennarar skólans eru vel menntaðir og kraftmiklir, og mikil orka felst í þeim áhuga og frumkvöðlaanda sem ríkir í skólanum.

Mat

Uppbygging gæðakerfis skólans miðar að því að það sé altækt og umbótamiðað. Í áætlun um sjálfsmat er gerð grein fyrir þeim þáttum sem hafa verið og verða metnir, og í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir umbótum í framhaldi af matinu, sjá vef skólans, <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsskyrslur/>.

Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Stefnt er að því að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á fjárlögum. Erfitt hefur reynst að ná þessu markmiði fyllilega, aðallega vegna þess hvernig nemendahópurinn er samsettur.

Staða rekstrar vegna nýs húsnæðis og fjölgunar nemenda 2014

Eins og gjarnan gerist þegar mikil breyting verður á rekstri stofnunar eins og FMOS, var ekki gert ráð fyrir nægu fjárframlagi til skólans fyrir árið 2014, en fjárþörfin jókst mjög mikið, bæði vegna nýja húsnæðisins og aukins nemendafjölda. Einnig hefur töluverð áhrif að nemendur eru færri en húsið er byggt fyrir og þetta veldur misgengi í fjárframlagi.

Nýting starfskrafta var góð miðað við stærð skólans og var meðalhópastærð um 18,5 nemendur og fermetrar á nemanda á árinu 2014 voru 12,5 fermetrar (voru rúmlega 3 fermetrar árið 2013!).

Samstarf við aðra

Skólinn er í samstarfi við ýmsa aðila í Mosfellsbæ, s.s. grunnskóla bæjarins, íþróttafélagið, tónlistarskólann, myndlistarskólann og Hestamannafélagið Hörð. Á næstu misserum verður samstarfið þróað áfram.

Mosfellsbær, 10. mars 2015

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari
Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari